

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Gaviscon tuggutöflur

algínsýra 350 mg, natríumhýdrógenkarbónat 120 mg, álhýdroxíð 100 mg

#### **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki. Meðferð við bakflæði á ekki að vara lengur en í 8 vikur.

#### **Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Gaviscon og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Gaviscon
3. Hvernig nota á Gaviscon
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Gaviscon
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### **1. Upplýsingar um Gaviscon og við hverju það er notað**

Gaviscon myndar lag af froðu, sem dreifist yfir hið súra innihald magans og kemur í veg fyrir bakflæði þess til vélinda.

Gaviscon er notað við brjóstsviða, súru uppflæði og þindarsliti.

### **2. Áður en byrjað er að nota Gaviscon tuggutöflur**

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### **Ekki má nota Gaviscon tuggutöflur**

Ef um er að ræða ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

#### **Varnarorð og varúðarreglur**

Þeir sem eru með óeðlilega nýrnastarfsemi eiga alltaf að hafa samband við lækni áður en byrjað er að nota Gaviscon tuggutöflur.

#### **Notkun annarra lyfja samhliða Gaviscon**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ef Gaviscon er tekið samtímis öðrum lyfjum getur það haft áhrif á verkunina.

Hafa skal samband við lækni ef lyf við eftirfarandi eru tekin:

- sýkingar (flúorókínólónar, tetracyklín)
- sveppasýkingar (ketókónazól)
- krabbamein í blöðruhálskirtli (estramústín)
- truflun á starfsemi skjaldkirtils (skjaldkirtilshormón)
- skert hjartastarfsemi (digoxin)
- hjartsláttartruflanir (sótalól)
- beineyðing (klódrónat)
- höfnun ígrædds líffæris (mýkófenólatmófetíl)
- flogaveiki (gabapentin)
- gigt (penicillamín)
- verkir(díflúnisal)

Gaviscon dregur úr virkni járnlyfja þegar þau eru tekin samtímis. Því þarf að taka lyfin með að minnsta kosti tveggja klst. millibili.

### **Notkun Gaviscon með mat eða drykk**

Gaviscon tuggutöflur má ekki nota með drykkjarvörum sem innihalda sítrónusýru.

### **Meðganga, brjóstagjöf, og frjósemi**

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

#### *Meðganga*

Gaviscon tuggutöflur má nota á meðgöngu.

#### *Brjóstagjöf*

Konur með barn á brjósti mega nota Gaviscon tuggutöflur.

### **Akstur og notkun véla**

Gaviscon hefur hvorki áhrif á akstur né notkun véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Gaviscon tuggutöflur innihalda mannítól**

Mannítól getur haft væg hægðalosandi áhrif.

## **3. Hvernig nota á Gaviscon tuggutöflur**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningnum eða lyfjafræðingi.

Ekki má gleypa töflurnar heilar. Töflurnar á að tyggja vandlega til að full verkun náist. Töflurnar má taka með örlitlu vatni eftir þörfum.

### **Ráðlagður skammtur**

#### *Fullorðnir*

1-3 tuggutöflur eftir þörfum um það bil 30 mínútum eftir máltíð og fyrir svefn eða samkvæmt fyrirmælum læknis.

## Börn

Gaviscon tuggutöflur má aðeins nota handa börnum yngri en 15 ára samkvæmt læknisráði.

Þegar töflurnar eru tuggnar myndast froða. Þetta getur valdið óþægindum hjá þeim sem eru með gervitennur. Tyggja má ½ töflu í einu eða nota Gaviscon mixtúru í staðinn.

### **Ef tekin er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

### **Ef gleymist að taka Gaviscon tuggutöflur**

Ekki á að taka tvöfaldan skammt til að bæta upp töflu sem gleymst hefur að taka. Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf geta Gaviscon tuggutöflur valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (koma fram hjá færri en 1 af 10.000 sjúklingum):  
Útbrot, kláði og vökvasöfnun.

Við skerta nýrnastarfsemi með þvageitrun (uppsöfnun úrgangsefna í blóði) geta aukaverkanir eins og krampar komið fram.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir.

Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is).

Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Gaviscon tuggutöflur**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C. Geymið í upprunalegum umbúðum.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Gaviscon tuggutöflur innihalda**

Virku innihaldsefnin eru: algínsýra 350 mg, natríumhýdrógenkarbónat 120 mg, álhýdroxíð 100 mg.

Hjálparefni eru: mannítól (E421), sakkarínnatríum, póvídón, talkúm, magnesíumsterat og sítrónu-, hindberja- og vanillubragðefni.

### **Lýsing á útliti Gaviscon og pakkningastærðir**

Gaviscon tuggutafla er hvít, eða beinhvít, kringlótt, flöt og auðkennd með „GAVISCON“ á annarri hliðinni.

20 og 120 töflur í þynnupakkningum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi**

Nordic Drugs AB, Box 300 35, S-200 61 Limhamn, Svíþjóð.

### **Framleiðandi**

Sever Pharma Solutions AB, Box 590, SE-201 25 Malmö, Svíþjóð.

### **Samhliða innflutt**

Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.

Merking: Heilsa ehf., Reykjavík.

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2024.**